# Taska með 5 hólfum

Höfundur: Guðrún Björk Einarsdóttir

ÚR KÖRFU TEXTÍLKENNARANS Verkefni í textílmennt fyrir 8. bekk





## Aðferð:

Saumavélaverkefni

## Áhöld:

✓ Saumavél
✓ Skæri
✓ Títuprjónar

## Efni:

✓ Tvinni
✓ Bómullarefni
✓ Fóður
✓ Skreytiefni

NÁMSGAGNASTOFNUN
www.nams.is

## Vinnulýsing fyrir nemendur




1. Leggið sniðið á efni og bætið 1 cm í saumfar.
   Sníðið 4x efni og 4x fóður (8 stk. alls)

2. Skreytið að vild með útsaumi, þrykki, pallíettum eða öðru.

3. Leggið réttu á móti réttu á fóðri og tösku saman og saumið sveigðu brúnirnar með beinu spori fótbreidd frá brún. Strauið út saumana.

4. Leggið framstykkin saman á víxl, sjá mynd 2.
   Búið til vasa í töskuna með því að gera saum í miðju á framstykki.




5. Saumið bakstykkin saman eins og framstykkin.

6. Setjið töskuna saman með réttu á móti réttu með því að næla þau tvö stykki sem mynda framhlið tösku við bakstykkin tvö. Saumið hliðar og botn fótsbreidd frá brún og sikksakkið endana.

7. Saumið axlarólina saman réttu á móti réttu.




8. Búið til falskan botn með því að sauma 10 cm saum með beinu spori þvert á hornin.

9. Á 30 cm kafla efst á axlarólinni er hún höfð tvöföld.
   Það er gert með því að brjóta kantana að miðju/saumnum og handsauma þá saman. Þetta er gert til að saumar sjáist ekki á réttunni.

